

Zakaría og Sveinbjörn á Húsavík maí 2009



Dagana 16. – 23. maí 2009 fór ég, Sveinbjörn bangsi í Flataskóla, til Húsavíkur með honum Zakaría í 1. MH, mömmu hans Ásthildi og Hebu litlu systir hans. Við dvöldum hjá ömmu og afa Zakaría og gerðum ýmislegt skemmtilegt, skoðuðum okkur um í bænum og tókum þátt í sauðburði, en afi hans Zakaría á kindur. Hér koma nokkrar myndir frá Húsavík.





Hér erum við Zakaríu fyrir utan barnaskólann á Húsavík sem heitir Borgarhólsskóli, þar spiluðum við fótbolta og skoðuðum okkur um.



Hér má sjá framhaldsskólann ásamt íþróttahöllinni. Fjallið sem sést á myndinni heitir Húsavíkurfjall.



Hér er ég í fjárhúsunum á “lambabaki”, það var sko gaman....mikið voru lömbin sæt. Flestar kindurnar voru tvílembdar, sem þýðir að þær eignuðust flestar tvö lömb, en ein varð þrílembd! Það var gaman að sjá hvað kindurnar hugsuðu vel um lömbin sín og það var nú meira hvað þau stækkuðu fljótt og voru dugleg að leika sér úti á túni.



Hérna má sjá höfnina á Húsavík, bátarnir sem sjást á myndinni eru notaðir í hvalaskoðun á Skjálfaflóa.



Hér má sjá Húsavíkurkirkju.

Já það var ýmislegt brallað á Húsavík og til viðbótar við það sem við höfum sýnt ykkur hér má til dæmis nefna að við fórum í sund, í fjöruferð og á minkaveiðar. Ég átti góðar stundir með honum Zakaríu og fjölskyldu hans á Húsavík, vildi bara að það væri ekki svona langt þangað ☺...

Bestu kveðjur og takk fyrir mig!

Sveinbjörn.